

Nd.

218. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um mál þetta. Tveir nefndarmanna (ÁÁ og SvÓ) vilja afgreiða hafnarmálin með dagskrá til stjórnarinnar,

einn nefndarmanna (SÁÓ) neitar að taka ákvörðun um málið að svo stöddu, en undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akranes-hrepps, en 2 af sýslnefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmanna skulu eiga heima í Akraneskaupúni eða í nágrenni þess.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 4. marz 1930.

Ólafur Thors,
frsm.

Jóhann P. Jósefsson.